

Afgreiðslufundur

Ár 2025 miðvikudaginn 28. maí, kl. 12:00 var haldinn 1832. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Dýraþjónustu Reykjavíkur, kt. 530269-7609, dags. 30. apríl 2025, um skráningu á meindýravörnum að Engjavegi 13, F2019528. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir eyðingu meindýra*.
2. Lögð fram umsókn Veitna ohf., kt. 501213-1870, dags. 2. maí 2025, um tímabundið starfsleyfi vegna endurnýjunar háspennustrengja og háspennubúnaðar í og við dælustöð V-5 á Jaðarsvæði Heiðmerkur. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 28. maí til 18. júlí 2025 með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Veitur ohf. vegna endurnýjunar háspennustrengja og háspennubúnaðar í og við dælustöð V-5 á Jaðarsvæði Heiðmerkur og Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*. Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015*.
3. Lögð fram umsókn Melabúðarinnar ehf., kt. 430101-2420, dags. 21. maí 2025, um leyfi til tóbakssölu (Melabúðin) að Hagamel 39. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 12:11

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson